

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/748
komudagur 7.12.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 6. desember 2010

Efni: Umsögn Kvenfélagasambands Íslands um Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu. (Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.).

UMSÖGN

Kvenfélagasamband Íslands, hér eftir skammstafað KÍ, þakkar erindi yðar dagsett 26. nóv. 2010 þar sem KÍ er gefið tækifæri til að gefa umsögn um ofangreint frumvarp. KÍ gerir athugasemd við 4. gr. b og 1 liði. 6. gr.

4. gr.

4. gr. laganna ásamt fyrirsögn flyst í I. kafla laganna og orðast svo:

Meginhlutverk embættisins.

Hlutverk embættis landlæknis og lýðheilsu er m.a. eftirfarandi:

- b. að annast forvarna- og heilsueflingarverkefni,
- 1. að meta reglulega árangur af lýðheilsustarfi og bera hann saman við sett markmið,

Í ofangreindum lið, 1. lið 4. gr. kemur fram að hið nýja embætti á bæði að framkvæma og meta árangur af eigin forvarnarstarfi en ekki kemur fram hvort um frekara eftirlit verði að ræða eða á hvers höndum það á að vera. Varla getur það verið eingöngu á höndum hins nýja embættis sem jafnframt á að vera framkvæmdaraðili.

KÍ leggur til að 1. liður 4. gr. hljóði svo: **Að fela ótengdum aðila reglubundið mat á árangri lýðheilsustarfs og bera hann saman við sett markmið.**

6. gr.

Á eftir I. kafla laganna kemur nýr kafli, I. kafli A, **Fagráð og lýðheilsusjóður**, með tveimur nýjum greinum sem orðast svo ásamt fyrirsögnum:

- a. (3. gr. a.)

Fagráð.

Landlækni er heimilt að setja á fót fagráð á einstökum verksviðum embættisins sem í eiga sæti sérfróðir aðilar og fulltrúar stofnana og félagasamtaka á viðkomandi sviði. Fagráð skulu vera embættinu til ráðgjafar.”

Með vísan til ofangreindrar lagagreinar þá leggur KÍ til að orðin er heimilt verði felld út og orðið ber komi í staðinn. Jafnframt leggur KÍ til að á eftir orðunum viðkomandi sviði komi ný málsgrein: Setja skal á fót sérstakt fagráð um heilsu kvenna.

b. (3. gr. b.)

Lýðheilsusjóður.

Starfrækja skal lýðheilsusjóð sem hefur það hlutverk að styrkja lýðheilsustarf sem samræmist markmiðum laga þessara, sbr. 1. gr., bæði innan og utan embættisins.

Embætti landlæknis og lýðheilsu ráðstafar fé úr lýðheilsusjóði í samráði við ráðherra og í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur skv. 4. mgr.

Til lýðheilsusjóðs rennur hlutfall af innheimtu áfengisgjalds í samræmi við ákvæði laga um gjald af áfengi og tóbaki, hlutfall af brúttósölu tóbaks í samræmi við ákvæði laga um tóbaksvarnir og framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga hverju sinni.

Ráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um ráðstöfun fjár úr lýðheilsusjóði.

KÍ leggur til að reglugerð um ráðstöfun fjár úr Lýðheilsusjóði kveði á um jafnræði við úthútnun til hinna fjölmörgu málaflokka forvarna og lýðheilsu.

GREINARGERÐ MEÐ UMSÖGN

Kvenfélagasamband Íslands telur markmið með lögunum eins og fram kemur í 1. gr. þeirra sé gott. Stuðla að heilbrigði landsmanna, m.a. með því að efla lýðheilsustarf og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og stuðla að því að lýðheilsustarf og heilbrigðisþjónusta byggist á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma. Eru ofangreindar athugasemdir settar fram með tilliti til þess.

Fyrir hönd Kvenfélagasambands Íslands

Hildur Helga Gísladóttir, framkvæmdastjóri